

Hugvit Vinnslusamningur

Ákvæði vegna Persónuverndar - Vinnslusamningur

Þessi viðauki („**Vinnslusamningurinn**“) lýtur að meðferð Hugvits (sem hér eftir verið vísað til sem „**Vinnsluaðilans**“, „**við**“, „**okkur**“ eða „**okkar**“) á persónuupplýsingum, og réttindum og skyldum aðilanna þar að lútandi. Vinnslusamningurinn er hluti af samningi um áskrift viðskiptavinarins (eins og það hugtak er skilgreint að neðan) að kerfisleigu (eins og það hugtak er skilgreint að neðan) af okkur, (þ.m.t. á grundvelli Nytjaleyfis- og þjónustusamnings) milli okkar og viðskiptavinarins („**Samningurinn**“).

Hugtök sem ekki eru skilgreind í þessum Vinnslusamningi skulu hafa þá merkingu sem skilgreind er í Samningnum. Öll ákvæði Samningsins gildi einnig um Vinnslusamning þennan, þar með talið ákvæði um skaðleysi (e. *indemnity*), ábyrgðaryfirlýsingar (e. *warranty*), takmörkun á ábyrgð (e. *limitation of liability*), hámarksbætur (e. *damage caps*) og yfirlýsingar um að falla frá rétti (e. *waivers*).

Efnisyfirlit

1. SKILGREININGAR	3
2. UMBOÐ TIL SKULDBINDINGAR	5
3. MARKMIÐ OG UMFANG VINNSLU	5
4. VINNSLA PERSÓNUUPPLÝSINGA VIÐSKIPTAVINAR.....	6
5. STARFSMENN OKKAR	7
6. UPPLÝSINGAÖRYGGI	7
7. UPPRUNI UPPLÝSINGA OG ÁBYRGÐ.....	8
8. FRAMSAL SKYLDNA TIL UNDIRVINNSLUAÐILA.....	8
9. RÉTTINDI SKRÁÐRA EINSTAKLINGA.....	9
10. ÖRYGGISFRÁVIK VIÐ MEÐFERÐ PERSÓNUUPPLÝSINGA.....	10
11. MAT Á ÁHRIFUM Á PERSÓNUVERND OG FYRIR FRAM SAMRÁÐ	10
12. EYÐING OG SKIL PERSÓNUUPPLÝSINGA VIÐSKIPTAVINAR.....	10
13. ÚTTEKTIR	11
14. MIÐLUN TIL ÞRIÐJU LANDA	12
15. BREYTINGAR OG TILKYNNINGAR	12
16. ALMENN ÁKVÆÐI OG SKAÐLEYSISYFIRLÝSING	13

1. Skilgreiningar

1.1 Í þessum Vinnslusamningi hafa eftirfarandi hugtök þær merkingar sem þeim eru gefnar í ákvæði þessu:

- 1.1.1 “**Ábyrgðaraðili**” merkir viðskiptavininn.
- 1.1.2 “**Úttektaraðili**” merkir þann úttektaraðila sem við felum á hverjum tíma að taka og taka út og/eða votta framkvæmd og útfærslu okkar á Gagnaöryggiskerfinu (skilgreint síðar). Upplýsingar um úttektaraðila og þau vottorð sem eru í gildi er hægt að nálgast hér á heimasíðu okkar - [Gagnaöryggiskerfi](#).
- 1.1.3 “**GDPR**” merkir reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EBEU General Data Protection Regulation 2016/679 (almenna persónuverndarreglugerðin) (OJ L 119, 4.5.2016, p. 1);
- 1.1.4 “**Gagnaöryggiskerfi**” vísar til þess gagnaöryggiskerfis sem er gildandi fyrir okkur á hverjum tíma. Við leggjum mikið kapp á að þróa stöðugt og útfæra öryggisráðstafanir, stuðla að upplýsingaöryggi og vandaðri og tryggri meðferð viðkvæmra upplýsinga. Markmiðið er að hámarka upplýsingaöryggi innan þeirra marka að hugbúnaðarlausnir okkar og þjónustuframboð séu hagkvæmar í rekstri og á sanngjörnu verði. Stefna okkar er að gagnaöryggiskerfið taki til lykilaþátta í starfsemi félagsins; þróunar hugbúnaðar, veitingu upplýsingatækniþjónustu, ráðgjafar, hýsingar og verkstjórnar. Við þróun og innleiðingu Gagnaöryggiskerfisins munum við leitast við að fylgja þeim viðurkenndu stöðlum og verklagi sem best á við á hverjum tíma. Lýsingu á Gagnaöryggiskerfi (og gagnaöryggistefnu okkar) sem er í gildi má nálgast á heimasíðu okkar – [Gagnaöryggiskerfi](#).
- 1.1.5 “**Viðskiptavinur**” hefur sömu merkingu og í [Samningnum](#) (e. *Customer*). Í þessum Vinnslusamningi falla eftirtaldir einnig, þegar við á, undir hugtakið viðskiptavinur; allir starfsmenn viðskiptavinar, ráðgjafar hans og aðrir sérfræðingar sem viðskiptavinur felur að framkvæma tilteknar aðgerðir, vinnslur, skoðanir, breytingar og aðrar útfærslur á Lausninni (e. *the Solution*), Þjónustunni (e. *the Service*), sérlausninni (e. *the Custom solution*), Kerfisleigunni (e. *the Hosted Services*) eða Hýsingunni (e. *the Hosting*).
- 1.1.6 “**Persónuverndarlöggjöf**” merkir löggjöf Evrópusambandsins um vernd persónuupplýsinga, einkum GDPR og íslensk lög og reglugerðir um vernd persónuupplýsinga sem í gildi eru á hverjum tíma. Eftir því sem við á tekur hugtakið einnig til annarra laga og stjórnvaldsreglna sem mæla fyrir um meðferð, varðveislu á, geymsluskyldu á, eða upplýsingaskyldu um persónuupplýsingar og gögn sem hafa að geyma slíkar upplýsingar.

- 1.1.7** "Persónuupplýsingar Viðskiptavinar" merkir þær persónuupplýsingar sem við stundum vinnslu á fyrir hönd viðskiptavinar á grundvelli Samningsins eða í tengslum við hann. Takmörkum þeirrar vinnslu er nánar lýst í 3. gr.
- 1.1.8** "Vinnsluaðili" merkir Hugvit og Eignatengd Félög.
- 1.1.9** "Eignatengt Félag" og "Eignatengd Félög" tiltekins aðila, vísar til lögaðila sem, beint eða óbeint, á eða stýrir þeim aðila, heyrir undir eignarhald eða lýtur stjórn þess aðila, eða er undir sameiginlegri stjórn eða eignarhaldi þess aðila ásamt öðrum. Í þessu samhengi vísar „stjórn“ og að „stýra“ til valds til þess að taka ákvarðanir um rekstur eða málefni lögaðili og „eignarhald“ vísar til raunverulegrar eignar á 50% (eða, ef viðkomandi lögsaga heimilar ekki meirihlutaeign, það hámark sem heimilað er samkvæmt lögum þeirrar lögsögu) eða hærra hlutfalls af atkvæðisberandi hlutabréfum eða sambærilegum réttindum í viðkomandi lögaðila. Upplýsingar um öll félög sem eru eignartengd okkur má nálgast á [vefsíðu okkar](#).
- 1.1.10** "Undirvinnsluaðili" merkir hvaða einstakling eða lögaðila sem kann að vera skipaður eða ráðinn af okkur til að veita einhvern þann hluta þjónustunnar sem felur í sér vinnslu á Persónuupplýsingum Viðskiptavinar;
- 1.1.11** Í Vinnslusamningi þessum merkir hugtakið "Þjónustan" þá þjónustu sem við veitum viðskiptavininum samkvæmt [Samningnum](#) og getur falist í veitingu á, og/eða aðgengi að, eftirtöldu:
- a) „Kerfisleigu“ (e. *Hosted Services*). Vísar til hugbúnaðarlausna sem við hýsum eða aðgengilegar eru í skýinu, en í þeim lausnum felst að viðskiptavinurinn fær aðgang að nytjaleyfi fyrir hugbúnað okkar sem er uppsettur í tölvuumhverfi okkar sem sérstaklega er útbúið til að reka hugbúnaðinn. Það tölvuumhverfi sem viðskiptavinurinn fær aðgang að með Kerfisleigu samanstendur af: i) Nytjaleyfi fyrir Lausnina ásamt reglulegri uppfærslu á henni, ii) hugbúnaði sem keyrður er á vélbúnaði tölvuumhverfisins, iii) minni, örgjörvum og diskum, iv) miðlara hugbúnaði, v) gagngrunnskerfi með töflum sem vista gögn sem viðskiptavinur hleður inn í umhverfið, vi) þeim kerfishugbúnaði sem þörf er á til að keyra tölvuumhverfið, vii) fjarskiptalínunum, og ix) varaafgjafa. Kerfisleiga og tölvuumhverfið sem hún veitir aðgang að er í sífelldri þróun og endurnýjun og tekur breytingum. Það sama gildir um takmarkanir á vinnslu, geymslurými á diskum og aðra þætti sem snúa að tölvuumhverfinu.
 - b) „Hýsingu“. Hýsing merkir þjónustu sem ekki er boðin í staðlaðri útfærslu til allra viðskiptavina, heldur þarf að útfæra sérstaklega með samkomulagi milli viðskiptavinar og okkar. Í tilvikum þegar um hýsingu er að ræða skulu allar tilvísanir í „Samninginn“ í þessum vinnslusamningi vera tilvísanir í hýsingarsamning milli okkar og viðskiptavinarins.

1.1.12 „Öryggisfrávik“ tekur annars vegar til i) upplýsingaöryggis-viðburðar sem felst í því að öryggi Gagnaöryggiskerfisins kann að hafa verið rofið eða gagnaöryggistefnu ekki fylgt, og hins vegar til, ii) *öryggisbrots við meðferð persónuupplýsinga*, eins og það hugtak er skilgreint í Persónuverndarlöggjöf.

1.2 Hugtökin, "**Skráður Einstaklingur**", "**Aðildarríki**", "**persónuupplýsingar**", "**Vinnsla**" og "**Eftirlitsvald**" skulu hafa sömu merkingar og í Persónuverndarlöggjöf.

1.3 Önnur hugtök sem ekki eru skilgreind í Vinnslusamningi þessum skulu hafa sömu merkingu og þeim er gefin í Samningnum.

2. Umboð til skuldbindingar

Hugvit ábyrgist að ef til þess kemur að Eignatengt Félag stundi einhvern þátt af vinnslu á Persónuupplýsingum Viðskiptavinar sem felst í Þjónustunni, mun, áður en vinnslan hefst, tryggt að viðkomandi félag sé bundið af sömu skuldbindingum og Hugvit samkvæmt þessum Vinnslusamningi.

3. Markmið og umfang vinnslu

3.1. Vinnsluaðilinn og Viðskiptavinurinn gera Vinnslusamning þennan samhliða [Samningnum](#). Í Samningnum felst að viðskiptavinurinn pantar eða gerist áskrifandi að Þjónustunni. Í skilningi Persónuverndarlöggjafarinnar telst sú þjónusta sem við veitum vinnsla, þar sem í henni felst meðal annars varðveisla gagna. Vinnsluaðilinn sjálfur mun ekki sjá um að skrá, safna, flokka, kerfisbinda, aðlaga eða breyta, nota, miðla, framsenda eða dreifa eða samtengja, samkeyra eða takmarka aðgang að persónuupplýsingum sem viðskiptavinurinn kys að færa inn í Lausnir okkar eða Þjónustuna.

3.2. Sú Lausn sem viðskiptavinurinn fær aðgang að á grundvelli [Samningsins](#) gerir honum kleift að annast ýmsa aðra vinnslu gagna, þar á meðal persónuupplýsinga, sjálfur. Sú vinnsla er ekki framkvæmd af okkur.

3.3. Allar upplýsingar sem viðskiptavinurinn færir inn í Þjónustuna og vistaðar eru hjá okkur eru eign viðskiptavinarins. Við munum ekki nota þær upplýsingar á neinn hátt og ekki miðla þeim eða áframsenda, án beinna fyrirmæla viðskiptavinarins.

3.4. Óski viðskiptavinurinn þess sérstaklega, kann að koma til þess að starfsmenn okkar skoði takmarkaðar persónuupplýsingar, í ákveðnum tilgangi, til að sinna beiðni viðskiptavinarins. Þá gæti til þess komið að viðskiptavinurinn óski eftir aðstoð okkar við heimt persónuupplýsinga eða fari fram á að við eyðum persónuupplýsingum á samningstímanum eða að honum liðnum. Slíkar aðgerðir teljast einnig til vinnslu samkvæmt Persónuverndarlöggjöfinni.

3.5. Með hliðsjón af framangreindu er sú vinnsla sem við framkvæmim á grundvelli Samningsins afar takmörkuð og endurspeglar þessi Vinnslusamningur þann raunveruleika.

3.6. Á grundvelli Persónuverndarlöggjafarinnar, einkum 28. gr. GDPR, skal vinnsla persónuupplýsinga falla undir samning sem skuldbindur Vinnsluaðila gagnvart Ábyrgðaraðila og skal sá samningur uppfylla tiltekin skilyrði. Er Vinnslusamningi

Þessum ætlað að kveða á um réttindi og skyldur hvors aðilanna um sig hvað varðar persónuupplýsingar Viðskiptavinar og meðferð þeirra.

- 3.7.** Tilteknar Lausnir okkar gera viðskiptavininum kleift að opna á aðgang utanaðkomandi aðila að afmörkuðum svæðum í kerfi viðskiptavinarins, svo sem til að hlaða þangað gögnum, vinna í gögnum, opna umsóknir eða stofna mál. Í gegnum slíkan aðgang er til að mynda hægt að miðla gögnum, deila þeim, afrita og umbreyta. Ákveðnar Lausnir okkar bjóða einnig upp á að skjöl séu undirrituð með rafrænum hætti. Allar þessar virknir sem Lausnirnar bjóða upp á eru afbrigði af vinnslu. Til að eyða vafa er það sérstaklega tekið fram af viðskiptavininum (nýti hann þessar þjónustur og séu þær hluti af því sem hann er áskrifandi að samkvæmt Samningnum) og okkur að þessi vinnsla fer öll fram eftir fyrirmælum viðskiptavinarins, og samkvæmt aðgangsstýringum og ferlum sem hann skilgreinir. Sú vinnsla sem fer fram með nýtingu á slíkri virkni er því ekki framkvæmd af okkur, þó að Lausnir okkar séu notaðar til vinnslunnar.

4. Vinnsla Persónuupplýsinga Viðskiptavinar

4.1 Vinnsluaðilinn:

- 4.1.1.** mun fylgja fyrirmælum Persónuverndarlöggjafarinnar við þá vinnslu sem félagið framkvæmir á Persónuupplýsingum Viðskiptavinar.
- 4.1.2.** mun ekki framkvæma vinnslu á Persónuupplýsingar Viðskiptavinar nema á grundvelli fyrirmæla viðskiptavinarins, nema slík vinnsla sé beinlínis samkvæmt lagaskyldu sem hvíli á Vinnsluaðilanum. Í slíkum tilvikum skal Vinnsluaðilinn, að því marki sem það er heimilt samkvæmt lögum, láta viðskiptavininn vita af þeirri lagaskyldu áður en vinnsla fer fram.

4.2 Viðskiptavinurinn:

- 4.2.1** felur Vinnsluaðilanum (og eftir því sem við á Eignartengdum Félögum) að vinna Persónuupplýsingar Viðskiptavinar með þeim hætti sem þörf er á til að veita þjónustuna í samræmi við [Samninginn](#).
- 4.2.2** ábyrgist að á meðan á samningstímanum stendur sé viðskiptavininum heimilt að fela Vinnsluaðilanum fyrirmæli um þá vinnslu og að viðskiptavinurinn afli Persónuupplýsinganna á grundvelli fullnægjandi heimilda og í samræmi við lög.

- 4.3** Í fylgiskjali 1 við þennan Vinnslusamning er að finna nánari upplýsingar um afmörkun og umfang á þeim Persónuupplýsingum Viðskiptavinar sem hann felur Vinnsluaðila vinnslu á, eins og áskilið er í 3. mgr. 28. gr. GDPR. Skyldur aðilanna verður þó ávallt að skoða í ljósi þess hve takmarkaða vinnslu okkur er falin og lýst er í 2. gr. Fylgiskjal 1 hefur fyrst og fremst upplýsingagildi og er til þess ætlað að taka saman stutta lýsingu á þeirri vinnslu sem Vinnsluaðila er falin, en ekki að auka við eða draga úr efnislegum skyldum aðilanna. Eðli málsins samkvæmt eru ítarlegri ákvæði um inntak og framkvæmd vinnslunnar í Samningnum og Vinnslusamningnum og er Fylgiskjal 1 því til fyllingar þeim.

5. Starfsmenn okkar

Allir starfsmenn okkar, ráðgjafar, umboðsmenn, verktakar og aðrir þjónustuveitendur (“starfsmenn okkar”) sem kunna að hafa aðgang að Persónuupplýsingum Viðskiptavinar, eru meðvitaðir um nauðsyn þess að fara gætilega með persónuupplýsingar. Starfsmenn okkar munu almennt ekki nálgast eða hafa aðgang að Persónuupplýsingum Viðskiptavinar nema í þeim tilvikum sem viðskiptavinur óskar þess sérstaklega, eða aðgangur reynist nauðsynlegur við veitingu þjónustunnar. Allir starfsmenn okkar eru bundnir trúnaðarskyldu samkvæmt ráðningarsamningi sínum. Þeir starfsmenn sem vinna að verkefnum sem tengjast upplýsingum sem háðar eru auknum trúnaði á grundvelli sérlaga, eða samkvæmt eðli verksins, undirrita sérstakar trúnaðaryfirlýsingar vegna þeirra verka. Þessi málefni falla undir [Gagnaöryggiskerfi](#) okkar.

6. Upplýsingaöryggi

6.1 Við höfum gert, og munum áfram gera, ráðstafanir sem leitast við að tryggja öryggi Persónuupplýsinga Viðskiptavinar, með hliðsjón af nýjustu tækni, kostnaði við framkvæmd og eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og þeirri áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga sem í henni felst. Í því skyni fylgir Hugvit þeim reglum og viðmiðum sem fram koma í 32. gr. GDPR.

6.2 Öryggistáðstafanir eru mismunandi yfirgripsmiklar eftir því hvaða útfærslu á þjónustu viðskiptavinarinn hefur valið með [Samningnum](#). Við bjóðum upp á staðlaða Kerfisleigu sem felur í sér staðlaðar öryggisráðstafanir sem við teljum nægjanlegar fyrir almenna vinnslu. Við bjóðum einnig upp á viðbótarlausnir sem fela í sér umtalsvert meiri öryggisráðstafanir. Þjónustuframboðinu og því sem í mismunandi útfærslum felst á hverjum á [heimasíðu okkar](#).

6.3 Viðskiptavinurinn hefur sjálfur kynnt sér þjónustuframboðið og valið þjónustuna eftir því sem hann metur að sé fullnægjandi fyrir sínar þarfir og til að tryggja öryggi, heilleika og leynd Persónuupplýsinga Viðskiptavinar.

6.4 Óski Viðskiptavinarinn eftir því að gripið sé til öryggisráðstafana sem eru umfram það sem við bjóðum sem staðlaða, grunnþjónustu samkvæmt ákvæði 6.1 og 6.2, eða óski viðskiptavinurinn eftir því að Lausnir okkar eða þjónustan séu útfærðar sérskaklega til að auka enn frekar upplýsingaöryggi, umfram það sem er í stöðluðum útgáfum sem viðskiptavinurinn hefur valið með Samningnum (til að mynda þannig að gripið sé til frekari aðgerða sem útlistaðar eru í 32. gr. GDPR), skal það gert á grundvelli sérstaks samnings og samið um endurgjald viðskiptavinar fyrir þá viðbótarþjónustu. Verði umtalsverðar breytingar á eðli Persónuupplýsinga Viðskiptavinar og þörf viðskiptavinar fyrir gagnaöryggi munu Aðilar semja sérstaklega um útfærslu á Hýsingu til að mæta þeim þörfum.

6.5 Upplýsingaöryggi okkar er prófað reglulega og í sífelldri þróun. Það ferli, auk [Gagnaöryggiskerfisins](#) almennt, er reglulega uppfært til að taka mið af nýjustu viðmiðum í gagnaöryggi og tekið út eftir því sem tilefni er til af óháðum Úttektaraðila. Hluti af því ferli er að við framkvæmum, þegar tilefni er til, birgjamat samkvæmt Gagnaöryggiskerfinu, á þeim fyrirtækjum sem veita okkur þjónustu. Við höfum einnig sett okkur Persónuverndarstefnu sem tekur breytingum til þess að endurspeglar nýja tækni og framkvæmd á markaðinum. [Persónuverndarstefna](#) okkar er aðgengileg á heimasisíðu okkar.

7. Uppruni upplýsinga og ábyrgð á starfsmönnum viðskiptavinar og utanaðkomandi aðilum

7.1 Í þeim tilvikum sem viðskiptavinur felur starfsmönnum sínum, tæknilegum ráðgjöfum, verktökum og öðrum þjónustuveitendum (sameiginlega vísað til sem „starfslið viðskiptavinar“) að framkvæma breytingar, úttektir, skoðanir, fjarlægja eða afrita gögn, eða aðra vinnslu í tengslum við þjónustuna, Lausn, Hýsingu eða Kerfisleigu, hvort sem er á starfsstöð okkar eða ekki, berum við enga ábyrgð á afleiðingum þeirra verka. Valdi starfslið viðskiptavinar tjóni með þeim verkum, hvort sem er á hagsmunum okkar eða annarra notenda þjónustu okkar, ber viðskiptavininum að bæta það tjón eftir þeim reglum sem eiga við (á grundvelli skaðabótaréttar eða samkvæmt samningi).

7.2 Ákveðnar Lausnir okkar gera viðskiptavininum kleyft að veita aðgang að Lausninni til ytri aðila, eða hóps einstaklinga og lögaðila sem uppfylla viðmið sem viðskiptavinur hefur skilgreint. Eftir að hafa verið veittur aðgangur geta þessir ytri aðilar hlaðið gögnum inn í umhverfi viðskiptavinar og stofnað þar mál, ferla og umsóknir. Við berum ekki ábyrgð á áreiðanleika eða uppruna gagna og upplýsinga sem stafa frá slíkum ytri aðilum. Viðskiptavinur ber sjálfur ábyrgð á að tryggja, meðal annars með rétttri notkun stillinga og aðgangsstýringa, að slíkir ytri notendur fái ekki aðgang að persónuupplýsingum sem þeim er óheimilt að nálgast.

7.3 Í þeim tilvikum sem viðskiptavinur nýtir ytri upplýsingar eða gögn við sjálfvirka flokkun á þeim einstaklingum, lögaðilum, eða hópum einstaklinga og lögaðila, sem hann opnar kerfi sín (eða hluta kerfa sinna) fyrir, berum við ekki ábyrgð á því ef þær ytri upplýsingar reynast ónákvæmar, rangar eða ófullnægjandi og það leiðir til rangs aðgangs, tenginga eða annars konar Öryggisfrávika. Þetta á til að mynda við um tilvik þegar upplýsingar úr þjóðskrá eða ytri gagnagrunnum stýra því hvaða ytri aðilar fá aðgang að kerfum viðskiptavinar og hvernig aðgangur þeirra er.

7.4 Við munum þó, í öllum þeim tilvikum sem lýst er í ákvæðum 7.1, 7.2, og 7.3 veita viðskiptavininum aðstoð og leitast við að stuðla að öryggi Persónuupplýsinga Notanda og bregðast með viðeigandi hætti við Öryggisfrávikum í samræmi við ákvæði 9, 0, 12, og 13.

8. Framsal skyldna til Undirvinnsluaðila

8.1 Viðskiptavinurinn heimilar Vinnsluaðila að ráða Undirvinnsluaðila til að sinna afmörkuðum þáttum þjónustunnar með þeim takmörkunum og samkvæmt þeim reglum sem fram koma í þessu ákvæði.

8.2 Ef Vinnsluaðili hyggst leita þjónustu Undirvinnsluaðila skal hann tilkynna viðskiptavini það fyrir fram og upplýsa hann um hvaða þáttur þjónustunnar verður falinn Undirvinnsluaðila. Hreyfi viðskiptavinur ekki andmælum við þeirri tilkynningu innan 7 daga frá móttöku hennar telst hann hafa samþykkt að leitað sé til Undirvinnsluaðila. Sendi viðskiptavinur hins vegar rökstudd og réttmæt mótmæli innan þess tíma skal Vinnsluaðili ekki deila neinum Persónuupplýsingum Viðskiptavinar með Undirvinnsluaðila, þar til búið er að grípa til eðlilegra ráðstafana til að bregðast við mótmælum viðskiptavinar og honum hafa verið gefnar skýringar á þeim ráðstöfunum.

- 8.3** Í öllum tilvikum þegar kann að vera leitað til Undirvinnsluaðila skal Vinnsluaðili:
- 8.3.1** Áður en Undirvinnsluaðili hefur vinnslu á Persónuupplýsingum Viðskiptavinar, framkvæma fullnægjandi mat á getu Undirvinnsluaðila til að framkvæma vinnsluna með öruggum hætti og ganga úr skugga um að Undirvinnsluaðili geti veitt sama gagnaöryggi og gert er ráð fyrir samkvæmt [Samningnum](#);
 - 8.3.2** Ganga frá samningi milli Vinnsluaðila og Undirvinnsluaðila sem tryggir að í meðförum Undirvinnsluaðila gildi um Persónuupplýsingar Notanda skilmálar sem eru í engu ótryggari en þessi Vinnslusamningur kveður á um og uppfyllir ákvæði 3 málsgreinar 28 greinar GDPR og sambærilegrar íslenskrar löggjafar; og
 - 8.3.3** Óski viðskiptavinurinn þess, láta honum í té afrit af samningi samkvæmt ákvæði 8.3.2, eftir atvikum án upplýsinga sem teljast til viðskiptaleyndarmála.
 - 8.3.4** Uppfylli Undirvinnsluaðili ekki persónuverndarskyldur sínar ber Vinnsluaðilinn áfram fulla ábyrgð gagnvart Viðskiptavininum á efdum þeirra, eins og nánar er kveðið á um í Vinnslusamningi þessum.
- 8.4** Vinnsluaðili skal tryggja að Undirvinnsluaðili sinni þeim skyldum sem falla undir ákvæði 4.1, 5, 6, 9.1, 10.2 og 13.1 að því leyti er snertir vinnslu á Persónuupplýsingum Viðskiptavinar sem framkvæmd er af þeim Undirvinnsluaðila, eins og Undirvinnsluaðilinn væri beinn aðili að þessum Vinnslusamningi.
- 9. Réttindi Skráðra Einstaklinga**
- 9.1** Á grundvelli Persónuverndarlöggjafarinnar hafa Skráðir Einstaklingar ýmis réttindi, svo sem rétt til aðgangs að upplýsingum um sig, rétt til leiðréttingar, rétt til eyðingar, rétt til takmörkunar á vinnslu og rétt til að flytja eigin gögn. Að teknu tilliti til takmarkaðs eðlis þeirrar vinnslu sem okkur er falin, munum við veita viðskiptavininum tæknilega og skipulagslega aðstoð við að uppfylla skyldur hans gagnvart Skráðum Einstaklingum. Ef slík aðstoð fellur utan þjónustunnar veitum við hana samkvæmt þeirri gjaldskrá sem í gildi er á hverjum tíma.
- 9.2** Að því marki sem nauðsynlegt er að varðveita upplýsingar um þá vinnslu á Persónuupplýsingum Viðskiptavinar (til að mynda hver vinnslan var, hvenær hún fór fram, hver framkvæmdi hana og í hvaða tilgangi) sem fram hefur farið, áður en Skráður Einstaklingur óskar eyðingar, mun eyðing Persónuupplýsinga Viðskiptavinar taka mið af því. Stangist beiðni Skráðs Einstaklings á við lagaboð eða reglur um varðveislu upplýsinga, svo sem á grundvelli laga um opinber skráasöfn, reglna stjórnisýsluréttar, bókhaldslaga eða af áþekktum ástæðum, munum við ráðfæra okkur við viðskiptavininn um hvernig eyðing skuli fara fram.
- 9.3** Við munum, eins fljótt og kostur er, gera viðskiptavininum grein fyrir öllum fyrirspurnum sem kunna að berast til okkar frá Skráðum Einstaklingum vegna Persónuupplýsinga Viðskiptavinar og aðeins bregðast við þeim fyrirspurnum samkvæmt skriflegum fyrirmælum viðskiptavinar, nema lagaskylda hvíli á okkur til að bregðast beint við.

10. Öryggisfrávik við meðferð Persónuupplýsinga

- 10.1** Ef við verðum vör við Öryggisfrávik við meðferð Persónuupplýsinga, sem varðar Persónuupplýsingar Viðskiptavinar, munum við án ástæðulauss dráttar gera viðskiptavinum viðvart og láta honum í té fullnægjandi upplýsingar til að mæta skuldbindingum hans til að tilkynna Öryggisbrestinn til Eftirlitsvalds og/eða viðkomandi Skráðs Einstaklings samkvæmt Persónuverndarlöggjöfni.
- 10.2** Við munum aðstoða viðskiptavininn og grípa til þeirra ráðstafana sem eru eðlilegar að umfangi til að aðstoða við að rannsaka, lágmarka tjónið og lagfæra Öryggisfrávik. Sé Öryggisfrávik ekki á ábyrgð okkar ræðst gjaldtaka fyrir þá vinnu af þeirri gjaldskrá sem í gildi er, nema viðskiptavinur og Vinnsluaðili semji sérstaklega um annað.
- 10.3** Ef viðskiptavinur tilkynnir um Öryggisfrávik í Kerfum okkar, og sú tilkynning reynist byggð á ósönnum eða órökstuddum fullyrðingum starfsmanna viðskiptavinar eða annara sem hann ber ábyrgð á, greiðir viðskiptavinur fyrir þá vinnu starfsmanna okkar sem leiðir af þeirri tilkynningu samkvæmt gildandi gjaldskrá.
- 10.4** Við höfum á hverjum tíma í gildi nákvæmt ferli um aðgerðaskráningar og meðferð mála sem snerta Öryggisfrávik sem upp geta komið. Aðgerðaráætlanir okkar eru meðal þeirra þátta sem eru falla undir [Gagnaöryggisstefnuna](#) og eru teknir út eftir því sem tilefni er til af óháðum Úttektaraðila.
- 10.5** Lausnir okkar kunna að skrá, tímastimpla og halda með öðrum hætti utan um deilingar Persónuupplýsinga Viðskiptavinar. Óski Viðskiptavinurinn eftir slíkri skráningu er hann ábyrgðaraðili hennar og felur okkur þá vinnslu sem felst í skráningunni eftir nánari fyrirætlum. Óski Viðskiptavinurinn ekki sérstaklega eftir slíkri skráningu erist Vinnsluaðilinn ábyrgðaraðili hennar. Við munum láta viðskiptavininum í té upplýsingar úr slíkri skráningu eftir því sem þörf er á til að upplýsa um Öryggisfrávik.

11. Mat á áhrifum á persónuvernd og fyrir fram samráð

- 11.1** Viðskiptavinurinn ber sjálfur ábyrgð á því að meta áhrif allrar vinnslu á persónuvernd, eins og nánar er kveðið á um í 35. gr. GDPR. Viðskiptavinurinn ber einnig sjálfur ábyrgð á því að hafa samráð við Eftirlitsvald ef mat hans er að vinnsla feli í sér mikla áhættu. Við munum veita viðskiptavininum eðlilega og hæfilega aðstoð við mat á áhrifum og fyrir fram samráð. Sú aðstoð takmarkast við þá vinnslu sem okkur er falin og við sinnum með Þjónustunni og tekur mið af því hve takmörkuð sú vinnsla er. Sé óskað eftir tæknilegri eða faglegri aðstoð okkar sem er umfram það sem felst í Þjónustunni er slík aðstoð veitt samkvæmt gildandi gjaldskrá.
- 11.2** Við höfum framkvæmt áhættumat og metið hugsanlega veikleika okkar kerfa. Það mat er meðal þeirra þátta sem eru sérstaklega teknir út og vottaðir með hliðsjón af ítarlegum og nákvæmum kröfum í [Gagnaöryggisstefnu](#).

12. Eyðing og skil Persónuupplýsinga Viðskiptavinar

- 12.1** Með þeim fyrirvörum sem koma fram í ákvæðum 12.3 og 12.4 munum við án tafar, eftir að Þjónustunni líkur, eyða öllum Persónuupplýsingum Viðskiptavinar sem okkur kunna að hafa verið afhentar.
- 12.2** Eyðing gagna samkvæmt ákvæði 12.1 felur þó ekki í sér að skrá yfir aðgerðir og tilvísanir varðandi hver vann með skjal eða deildi því, með hvaða aðgangi, með hvaða

hætti og á hvaða tíma, sé eytt, en ástæða kann að vera til að varðveittar slíkar skrár lengur vegna réttinda hins skráða, hagsmuna Vinnsluaðila, eða hagsmuna ábyrgðaraðila. Þeim skráum verður þó eytt um leið og ekki er ástæða til að geyma þær. Ef viðskiptavinur nýtir sér Kerfisleigu, Hýsingu eða áþekkar Lausnir okkar eru tekin afrit af Persónuupplýsingum Viðskiptavinar í samræmi við gildandi skilmála viðkomandi þjónustu. Við höfum á hverjum tíma í gildi vörslustefnu sem kveður á um hversu reglulega afrit eru tekin og hversu lengi þau eru geymd. Af þeirri stefnu leiðir að afrit eyðast sjálfkrafa úr viðkomandi kerfi eftir tiltekinn tíma. Telji viðskiptavinur þörf á því að afritum af Persónuupplýsingum Viðskiptavinar sé eytt hraðar, semja aðilarnir sérstaklega um fyrirkomulag og verð þeirrar þjónustu.

- 12.3** Óski viðskiptavinur þess að við skilum honum með tryggum hætti afritum af öllum þeim Persónuupplýsingum Viðskiptavinar sem okkur kunna að hafa verið afhentar, og eyðum öllum öðrum afritum af þeim, skal hann óska þess með skriflegum hætti, eigi fyrr en tveimur mánuðum og eigi síðar en 7 dögum áður en þjónustunni líkur. Slík afritun fer fram í samkvæmt gildandi gjaldskrá þegar skrifleg ósk viðskiptavinar berst okkur.
- 12.4** Að því marki sem það er skylt samkvæmt lögum er okkur heimilt að varðveita Persónuupplýsingar Viðskiptavinar, í þann tíma sem það er áskilið. Undir slíkum kringumstæðum ber okkur áfram að tryggja trúnað um þær upplýsingar og að vinnsla þeirra sé aðeins á þeim grundvelli sem áskilinn er í viðeigandi löggjöf.
- 12.5** Ef upp koma tilvik þar sem óvíst er hvort tilteknar persónuupplýsingar séu Persónuupplýsingar Viðskiptavinar eða tilheyri öðrum, áskiljum við okkur sér rétt til að eyða þeim ekki nema að fengnu álit þar til bærra yfirvalda, eða gegn því að viðskiptavinur gangi frá skýrum fyrirmælum um að hann óski eyðingar umræddra gagna og undirriti skaðleysisfirlýsingu á formi sem er ásætlanlegt að mati okkar.

13. Úttektir

- 13.1** Við munum, að beiðni viðskiptavinar, gera honum aðgengilegar þær upplýsingar sem honum er þörf á til að sýna fram á að skuldbindingum samkvæmt Vinnslusamningi þessum sé fullnægt. Sé þess sérstök þörf munum við heimila úttektir á vinnslu okkar á Persónuupplýsingum Viðskiptavinar, með þeim takmörkunum sem leiða af ákvæðum 13.2 og 13.3 og 13.4.
- 13.2** Úttektir skulu aðeins fara fram ef raunveruleg nauðsyn er á þeim og ekki er unnt að sýna með fullnægjandi hætti fram á að skuldbindingum sé mætt með upplýsingagjöf okkar. Úttektir skulu aðeins framkvæmdar á þeirri takmörkuðu vinnslu sem við framkvæmum á Persónuupplýsingum Viðskiptavinar. Úttektir skulu aðeins framkvæmdar af úttektaraðila sem við samþykkjum. Við munum ekki synja um samþykki á úttektaraðila án gildirar ástæðu.
- 13.3** Komi til þess að úttekt sé nauðsynleg skal viðskiptavinur gefa Vinnsluaðila hæfilegan fyrirvara og kappakosta við að valda engu tjóni, skaða eða truflun á húsakostum, búnaði og rekstri okkar. Viðskiptavinur ber fulla bótaábyrgð á öllu tjóni sem kann að hljóta af slíkri úttekt.
- 13.4** Við áskiljum okkur sér rétt til að takmarka umfang úttekta sé þess þörf til að vernda öryggi persónuupplýsinga annarra notenda í viðkomandi kerfi. Ef við teljum ljóst að úttekt eða upplýsingabeiðni sé óþarflega umfangsmikil og kallað sé eftir meira magni

upplýsinga og gagna en þörf er á munum við tilkynna það tengilið viðskiptavinar. Óski viðskiptavinur eftir að úttekt eða upplýsingabeiðni fari fram með sama hætti engu að síður, leggjum við álag á þá tímavinnu sem þörf er á vegna þessa.

13.5 Leiði úttekt, eða vinna við að útbúa og taka saman upplýsingar fyrir viðskiptavin, til kostnaðar fyrir okkur skal viðskiptavinur bera þann kostnað. Sé þörf á þjónustu eða aðstoð starfsmanna okkar vegna úttektar, eða taki vinna við að útbúa og taka saman upplýsingar fyrir notanda tíma, ræðst gjaldtaka fyrir þá vinnu af þeirri gjaldskrá sem þá er í gildi, þar með talið álag. Úttektir skulu aðeins fara fram á hefðbundnum vinnutíma, nema viðskiptavinur og Vinnsluaðili semji sérstaklega um annað.

14. Miðlun til þriðju landa

14.1 Vinnsluaðili miðlar ekki Persónuupplýsingum Viðskiptavinar til þriðju landa eða alþjóðastofnana, nema slíka miðlun sé skylda samkvæmt lögum eða fyrirmælum dómstóls eða stjórnvalds sem hefur lögsögu og vald til að kveða á um slíka miðlun. Kerfisleiguumhverfi okkar er nánar lýst á vefsíðu okkar.

14.2 Komi til þess á gildistíma Samningsins að Vinnsluaðili hafi í hyggju að breyta þeirri stefnu sem fram kemur í ákvæði 14.1. verður viðskiptavini tilkynnt það fyrir fram. Hreyfi viðskiptavinur ekki andmælum við þeirri tilkynningu inn 7 daga frá móttöku hennar telst hann hafa samþykkt þá fyrirætlan. Sendi viðskiptavinur hins vegar rökstudd og réttmæt mótmæli innan þess tíma skal Vinnsluaðili ekki miðla neinum Persónuupplýsingum Viðskiptavinar til þriðju landa eða alþjónastofnana, þar til búið er að grípa til eðlilegra ráðstafana til að bregðast við mótmælum viðskiptavinar og honum hafa verið gefnar skýringar á þeim ráðstöfunum. Vinnsluaðili mun ekki miðla upplýsingum utan Evrópska Efnahagssvæðisins nema að fyrir liggja samningur um miðlunina og vinnsluna sem uppfyllir skilyrði Persónuverndarlöggjafarinnar og bindandi fyrirtækjareglur sem tryggja öryggi Persónuupplýsinga Viðskiptavinar.

15. Breytingar og tilkynningar

15.1 Verði breytingar á gildandi Persónuverndarlöggjöf, sem Vinnsluaðili telur að kalli á breytingar á Vinnslusamningi þessum, getur Vinnsluaðilinn lagt þær breytingar til með tilkynningu til tengiliðs viðskiptavinar. Séu breytingarnar minniháttar og miða að því að auka öryggi Persónuupplýsinga Viðskiptavinar, án þess að leggja á hann frekari byrðar taka þær gildi þegar við tilkynningu. Séu breytingarnar annars eðlis skulu Aðilarnir sameiginlega útfæra breytingar á Vinnslusamningnum án ástæðulauss dráttar.

15.2 Allar tilkynningar, beiðnir og ákvaðir sem sendar eru á grundvelli þessa samnings teljast sendar með fullnægjandi hætti ef þær eru sendar með tölvupósti á tölvupóstfang tengiliðs Aðila og móttaka þeirra staðfest rafrænt. Tilkynningar eru einnig bindandi ef þær eru sendar með öðrum hætti og móttaka þeirra er sönnuð. Til að sanna móttöku er nægjanlegt að póstburðarmaður eða stefnuvottur staðfesti að umslag sem inniheldur tilkynningu hafi verið afhent á heimilisfangi móttakandans.

15.3 Tengiliður Viðskiptavinar er skilgreindur í fylgiskjali 1:

15.4 Tengiliður Vinnsluaðila er skilgreindur í fylgiskjali 1:

16. Almenn ákvæði og skaðleysisfirlýsing

16.1 Viðskiptavinur skuldbindur sig til þess að halda okkur, starfsmönnum okkar, stjórnendum, ráðgjöfum, verktökum, umboðsmönnum, hluthöfum, og viðskiptamönnum okkar, skaðlausum af öllum kröfum, ábyrgðum, skaðabótum, sektum, málsóknum, stjórnáslumálum, tjónum, tapi, sáttum, dómum og kostnaði

(þar á meðal lögmanskostnaði) sem leiða af því að við (eða þeir aðrir sem tryggt er skaðleysi með þessu ákvæði) fylgdum fyrirmælum viðskiptavinar sem snerta Persónuupplýsingar Viðskiptavinar.

16.1.1. Skaðleysisfirlýsing þessi skal ekki eiga við um tilvik þar sem okkur (eða þeim öðrum sem tryggt er skaðleysi með þessu ákvæði) gat ekki dulist að fyrirmælin voru ólögmæt og að tjón myndi hljótast af því að fylgja þeim.

16.1.2. Þá er það tekið fram, til að eyða vafa, að skaðleysisfirlýsing þessi á ekki við um tilvik þar sem ákvörðun þar til bærs yfirvalds um að leggja á sektir er byggð á sök okkar, en í þeim tilvikum fer um innbyrðis uppgjör sektarfjárhæða milli okkar og viðskiptavinarins eftir almennum reglum.

16.2 Lagaval og lögsaga vegna allra ágreiningsmála sem kunna að koma upp vegna þessa Vinnslusamnings fylgja sömu ákvæðum og [Samningurinn](#).

16.3 Sé eitthvað misræmi á milli ákvæða þessa Vinnslusamnings og Samningsins, skulu ákvæði [Samningsins](#) ráða.

16.4 Að öllu öðru leyti en sérstaklega er mælt fyrir í þessum Vinnslusamningi skulu ákvæði Samningsins gilda honum til fyllingar og til viðbótar við ákvæði Vinnslusamningsins, þar á meðal ákvæði [Samningsins](#) um riftun, trúnaðarskyldu og takmarkanir á ábyrgð og bótaskyldu.

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilarnir þennan Vinnslusamning sem verður um leið bindandi hluti Samningsins frá og með undirritunardagsetningu

Fyrir hönd vinnsluaðilans

Undirritun: _____

Nafn: _____

Titill: _____

Fylgiskjal 1

VINNSLA PERSÓNUUPPLÝSINGA VIÐSKIPTAVINAR

Í þessu fylgiskjali eru nánari útlistanir á þeirri vinnslu sem Vinnsluaðila er falin, eins og áskilið er í 3. mgr. 28. gr. persónuverndarreglugerðarinnar (GDPR).

Tengiliður Viðskiptavinar

Nafn viðskiptavinar:

Heimilisfang:

Nafn tengiliðar:

Netfang:

Viðskiptavinur getur breytt um tengilið með því að tilkynna það Vinnsluaðila réttilega.

Tengiliður Vinnsluaðila

Nafn vinnsluaðila: Hugvit hf.

Heimilisfang: Tunguháls 19, 110 Reykjavík

Móttakandi:

Netfang:

Vinnsluaðili getur breytt um tengilið með því að tilkynna það Notanda réttilega.

Umfang og tímalengd vinnslu á Persónuupplýsingum Viðskiptavinar

Umfangi vinnslunnar er lýst í 3. gr. Vinnslusamningsins og leiðir af eðli þjónustunnar sem lýst er nánar í Samningnum.

Tímalengd vinnslunnar er sú sama og gildistími Samningsins.

Eðli og tilgangur vinnslu Persónuupplýsinga Viðskiptavinar

[Lýsing]

Tegundir Persónuupplýsinga Viðskiptavinar sem vinnslan varðar

[Lýsing]

Flokkar Skráðra Einstaklinga sem vinnsla á Persónuupplýsingum Viðskiptavinar varðar

[Flokkar Skráðra Einstaklinga]

F.h. Hugvits hf.

F.h. Viðskiptavinar

Með undirritun sinni á fylgiskjal þetta gengst viðskiptavinurinn undir Vinnslusamninginn. Með hverri greiðslu á reikningi frá Vinnsluaðila ítrekar viðskiptavinurinn þá skuldbindingu sína í verki.